

**Sjötti fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn fimmtudaginn 14. febrúar, 2013, klukkan 19:30 á heimili Ingibjargar Einarsdóttur að Neðstaleiti 3.**

**Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild:** Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Gerður G. Óskarsdóttir, Guðný Helgadóttir, Helga Halldórsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Svana Friðriksdóttir, Vilborg Dagbjartsdóttir.

### **Tekið fyrir**

**Fundarsetning** Árný setti fund klukkan 19:30, bauð félagskonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 22 konur fundinn. Árný fór því næst yfir dagskrána. Dagskráin var þannig að Ingibjörg Jóhannsdóttir sagði okkur frá þemahefti um einn af grunnþáttunum, þ.e. sköpun, sem gefið var út á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og Námsgagnastofnunar en Ingibjörg er einn af þremur höfundum þess. Ingibjörg sagði frá ritinu og vinnunni við það en ritið er „hugvekja um sköpun“ og leggur áherslu á bæði skapandi hugsun og sköpun í verki. Sigríður Ragna Sigurðardóttir, landssambandsforseti, var með okkur á fundinum og Stefanía Arnórsdóttir var með orð til umhugsunar.

**Sigríður Ragna Sigurðardóttir**, landssambandsforseti, færði Ingibjörgu Einarsdóttur, húsráðanda, rós og lýsti yfir ánægju með að vera hjá okkur. Hún minnti á þingið í vor og hvatti okkur til að fjölmenna en það verður haldið á Hótel Heklu á Skeiðum, örstutt frá Selfossi, helgina 4. – 5 maí næstkomandi. Sigríður Ragna sagði þetta yndislegan stað. Efni þingsins verður Skil á milli skólastiga. Þar munu tveir erlendir gestir flytja erindi og Gerður G. Óskarsdóttir mun einnig flytja erindi á þinginu. Sigríður Ragna minnti líka á næsta Evrópuþing, sem haldin eru annað hvert ár en næsta þing verður haldið 7. – 10. ágúst í Amsterdam og svo verður þar næsta þing haldið í Stokkhólmi árið 2015. Hún hrósaði Gammasysturum fyrir hve duglegar þær hafa verið að mæta á Evrópuþingin og tók fram að fjórar konur úr Gammadeild eigi sæti í alþjóðlegu nefndarstarfi, þær Guðný Helgadóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Hertha W. Jónsdóttir og Kristín Jónsdóttir. Sigríður minntist einnig á námskeið sem Sigrún Jóhannesdóttir býður upp á og ber yfirskriftina DKG – Stjarnan. Hún sagði að margar nýjar konur væru að koma inn í deildirnar og að tvær nýjar deildir hafi verið stofnaðar nýverið. Sigríður Ragna sagði miklu máli skipta að efla starfið innan deildanna og að mikilvægt væri að deildirnar störfuðu saman sem ein heild. Að lokum minntist hún á að alþjóðasambandsþingin væru einnig haldin annað hvert ár og verður næsta alþjóðaðaþing haldið í Indianapolis, Indiana, líklega í júlí 2014. Þær konur sem fara á Evrópuþing eða alþjóðasambandsþing og eru með erindi, geta sótt um styrk til fararinnar og má nálgast umsóknareyðublað á heimasíðu Delta Kappa Gamma.

**Ingibjörg Jóhannsdóttir** sagði okkur frá þemahefti um sköpun. Höfundar eru, auk Ingibjargar, Elísabet Indra Ragnarsdóttir og Torfi Hjartarson. Ingibjörg sagði kverið fremur vera hugvekju en fræðirit. Hún kom víða við í umfjöllun sinni, sagði meðal annars frá rannsóknum um sköpun, hvað er að vera skapandi kennari og sköpun og tækni. Í eftirfarandi samantekt er stuðst við texta úr þemaheftinu með tilliti til umfjöllunar Ingibjargar:

Sköpun er margslungið *ferli* sem í grunninn byggist á *ímyndunarafli* og *frumleika*. Í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur *gildi* eða þýðingu fyrir okkur sjálf, næsta umhverfi eða samfélagið í víðari skilningi.

Nemandinn þarf bæði þekkingu og þjálfun til að geta skoðað verk sín í samhengi. Hann þarf að geta sett eigin verk í samhengi við verk annarra nemenda og áttað sig á samhengi við söguna, það sem áður hefur verið gert. Miklu varðar að skilja hvernig þekking leiðir til uppgötvunar og uppgötvun leiðir til þekkingar. Með því að læra um samhengið getur nemandinn, rétt eins og listamaður, góður hönnuður, vísindamaður eða snjall iðnaðarmaður, litið gagnrýnum augum á sköpun sína og um leið hrifist af áhugaverðum verkum annarra. Nemandinn nær að jafnaði lengra með eigin sköpun þegar hann hefur skilið hvað er frumlegt og sérstakt við hugmyndina eða verkið sem hann vinnur að.

Á Evrópuári sköpunar og nýsköpunar var gerð viðamikil rannsókn á viðhorfum mörg þúsund kennara í 32 löndum Evrópu til sköpunar í skólum. Yfirgnæfandi meirihluti kennaranna var þeirrar skoðunar að sköpun ætti að vera einn af grunnþáttum í menntun, að allir gætu verið skapandi og að skapandi starf væri hægt að samþætta öllum námsgreinum. Skapandi námsaðferðir fælu í sér sambland forvitni, greiningar, ímyndunarafls og gagnrýnnar hugsunar. En þótt allur þorri kennara teldi að allir gætu verið skapandi og að sköpunargáfa væri ekki sérstök náðargáfa, kom í ljós að einungis um helmingi kennara þótti sem sköpun gegndi þýðingarmiklu hlutverki í þeirra skóla. Sköpun á greinilega mikinn hljómgrunn á meðal kennara en leikur ekki jafn þýðingarmikið hlutverk í skólastarfi og þeir vildu helst.

Ingibjörg sagði vert að hafa bak við eyrað að skapandi greinar eru að sækja fram í hagvexti. Þegar fjallað er um skapandi greinar á Íslandi er byggt á flokkunarkerfi frá Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, sem í sínu starfi fjallar um menntun, vísindi og menningu. Þar falla eftirtalin svið undir skapandi greinar: Menningar- og náttúruarfleifð; sviðslistir og hátíðarhöld; sjónræn list og handverk; bækur og fjölmiðlun; hljóð, mynd og gagnvirkir miðlar; hönnun og skapandi þjónustugreinar og óáþreifanleg menningararfleifð. Úttekt á hagrænum áhrifum þessara greina á Íslandi leiddi í ljós að skapandi greinar leggja meira til þjóðarbúsins í formi virðisaukaskattskyldrar veltu en fiskveiðar og landbúnaður samanlagt og fyrir liggur að hlutur þeirra fer vaxandi því störfum innan skapandi greina mun fjölga á næstu árum.

Í rannsókn á margbrotinni og frumlegri hugsun þótti staðfest að ung börn hafa mjög frjótt ímyndunarafl og geta séð marga möguleika og lausnir í hverri stöðu. Rannsakendur skoðuðu ýmsa hópa og settu viðmið um hvað þótti gefa til kynna afburðagetu að þessu leyti. Þegar 1.600 börn á aldrinum þriggja til fimm ára voru mæld, kom í ljós að 98% þeirra virtust búa yfir þeirri getu. Fimm árum seinna var hlutfallið komið niður í 32% og á unglingsárunum lækkaði hlutfallið niður í 10%. Byggt á *Breakpoint and Beyond: Mastering the Future – Today* eftir George Land og Beth Jarman<sup>17</sup>

Ingibjörg fór nokkrum orðum um skapandi kennarann og sagði hann gegna lykilhlutverki í að efla sköpun í skólastarfi. Það sem einkennir skapandi kennara er í raun það sama og einkennir alla góða kennara. Hann hefur trú og áhuga á nemendum sínum, gerir kröfur en er sanngjarn, er sífellt að leita nýrra leiða í kennslu, hefur ódrepani áhuga og veit að það sem hann er að miðla skiptir

nemandann raunverulega máli. Hann sér leiðir til að vinna með öðrum og er óhræddur við að tengja sína grein eða greinar við aðrar. Skapandi kennari notar fjölbreyttar kennsluaðferðir, ýmist með hópum eða með einstaklingskennslu. Kennarinn þarf að geta vakið spurningar, forvitni og áhuga og hvatt til starfs þar sem margar ólíkar leiðir eru til úrlausnar og mörg svör við hverri spurningu. Í skapandi skóla á nemandi að búa yfir sjálfstrausti til að taka af skarið, beita ímyndunarafli, sýna frumkvæði, leita samvinnu og vinna sjálfstætt.

Ingibjörg ræddi um sköpun og tækni og spyr ásamt höfundum þemaheftisins hvernig skapandi skólastarf eigi að endurspegla þær breytingar sem verða með nýrri tækni, upplýsingaöflun og miðlun? Á að leggja jafnmikla áherslu á skrift og stafsetningu nú þegar slá má inn texta og láta verkfærin leiðrétta hann? Getur ný tækni sparað kennurum tíma sem nýta má til skapandi verka? Tæknin getur líka leitt til ófrjórra vinnubragða eða kallað á tímafreka þjálfun svo að hér þarf að grípa tækifærin og forðast keldurnar.

Í þemaheftinu segir líka að einu gildir hvaða starf við tökum okkur fyrir hendur. Ef hægt er að bæta verkið með innsæi og ímyndunarafli er unnt að vinna að því á skapandi hátt. Það er eðli allra að vera skapandi og þar þarf hver að finna sína leið. Í sköpun felst kraftur sem dýpkar andann og veitir manninum lífshamingju. Þetta á líka við um kennara og skólastarf. Þegar á hólminn er komið skiptir mestu afstaða kennara, atorka og vandaðir starfshættir. Með því að ganga til verka með opinn hug og einlægan vilja má komast langt.

Þetta var sérstaklega góður fundur, Ingibjörgu tókst vel að ná til allra og það leystist úr læðingi gleði og frjóar hugmyndir og hugsanir. Þegar formaður sleit fundi urðu svo til nokkrir umræðuhópar því allir vildu ræða áfram. Verið ávallt velkomnar í stofuna mína, gaman hvað mörgum finnst stofan mín stór, segir Ingibjörg Einarsdóttir í tölvupósti til okkar eftir fundinn. Andrúmsloftið var svo hlýtt og hvetjandi – en líka gagnrýnið og vekjandi – eins og alltaf, segir Ingibjörg Jónasdóttir í tölvupósti þar sem hún þakkar okkur sérstaklega fyrir fundinn.

**Stefanía Arnórsdóttir var með orð til umhugsunar.** Erindi hennar bar yfirskriftina *Tölvur, tækni til góðs og ills*.

Stefanía sagði að upphaf tölvunnar megi rekja langt aftur í aldir. Þó ekki sé farið lengra aftur en til ársins 1801, þegar maður að nafni Joseph Maria Jacquard gerði umbætur á vefstól með því að nota gataspjöld til að mynda munstur í vef. Þannig tengist veraldarvefurinn raunverulegum vef.

Gataspjaldavélin var fyrst notuð í Bandaríkjunum árið 1860 og þótti mikil framför þegar hún kom til landsins 92 árum síðar, en fyrsta tölvan á Íslandi var gataspjaldavél, sem Skýrsluvélar ríkisins notuðu til að skrá og flokka alla landsmenn árið 1952. Þannig varð til fyrsta þjóðskráin, þar sem landsmenn voru skráðir eftir nafnnúmeri. Árið 1964 komu svo fyrstu tölvurnar í nútímalegum skilningi orðsins hingað til lands.

Fyrsta tölvan sem kom til Íslands hafði verið kölluð *Rafeindaheilinn* meðal margra innan Háskóla Íslands. Það var hins vegar ekki fyrr en árið 1965 að Sigurður Nordalprófessor við HÍ stakk upp á nafninu **tölva**. Haft var eftir Þorsteini Gylfasyni að hann hefði verið viðstaddur þegar Sigurður fékk hugmyndina að tölvuheitinu, og að orðið hafi verið orðið alkunnugt á nokkrum vikum og önnur nýyrði dáið drottni sínum.

Árið 1983 kemur fram ný tölvugerð, almenningstölvan og í stað þess að velja mann ársins eins og venja var, var valin vél ársins í vikublaðinu Time þetta ár. Tölvupóstur kom fram í svipuðu formi og enn er snemma á 9. áratug síðustu aldar.

Aðgangur að samskiptum, upplýsingum, fræðslu, afþreyingu, skoðunum og skítkasti virðist vaxa með hverri sekúndu. Hið síðastnefnda veldur okkur örugglega öllum áhyggjum þegar níðst er á börnum og konum.

Dagurinn í dag er helgaður alheimsbyltingu gegn kynbundnu ofbeldi á konum. Stefnit er að því að milljarður manna um allan heim standi upp frá því sem hann er að gera og sýni í verki að við viljum ekki búa í heimi þar sem þriðja hver kona verður fyrir kynbundnu ofbeldi á lífsleiðinni. Stefanía hvatti okkur til að hugsa sterkt til systra okkar í heiminum og að við óskuðum mannkyninu þess að ást komi í stað ofbeldis, einnig í tölvutæku formi!

**Fundarlok** Árný færði Ingibjörgu Jóhannesdóttur rós fyrir einstaklega fræðandi og skemmtilegt erindi og húsráðanda færði hún rós fyrir gestrisnina. Ingibjörg færði svo Sigríði Rögnu rósina sína sem þakklætisvott fyrir komuna á fundinn. Ingibjörg Einarsdóttir flutti að lokum ljóðið *Sköpunarsaga* eftir Stefán Jónsson, sem er hluti af lesefni í Litlu upplestrarkeppninni þetta árið.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.